

Fóstrum misþyrmt 13. jan. 2017

Um 3% reifabarna í BNA deyja sökum fíkniefnaneyslu móður. Henni er ekki refsað. Um 11% barna í BNA eru fædd mæðrum, sem neyta fíkniefna. Um 21% þessara eru einstæðar.

Proskahömlun sökum drykkju eða fíkniefnaneyslu móður og þar með eitrunar fósturs. Um 4.7 af hundrað mæðra í BNA eru greindar með áfengissýki. Kannanir úr álfa þeirri sýna, að um tíu af hundrað mæðra drukku áfengi í þeim mánuði, sem könnun var gerð, en hins vegar höfðu tuttugu til þrjátíu af hundrað drukkið á meðgöngu. Í BNA fæðast árlega fimm til tólf þúsund börn vegna áfengiseitrunar í móðurkviði.

Dæmigerð einkenni: Afbrigðilegir drættir í andliti, lítið höfuð, hamlaður vöxtur, ónóg þyngd, skert samhæfing hreyfinga, ofvirkni, athyglibrestur, hegðunarvandkvæði, minnisleysi, námsörðugleikar, skertur málþroski, greinarskerðing, dómgreindarskortur, svefnvandamál, brengluð sogþörf, skert sjón eða heyrn, brenglun í starfsemi hjarta, nýrna eða beina. Það er engin lækning.

„Breskar rannsóknir hafa leitt í ljós að geðsjúkdómar kvenna séu þrisvar sinum algengari á fyrstu mánuðum eftir barnsburð en á öðrum tímabilum ævinnar (Cox, Murray & Chapman, 1993). Í íslenskri könnun sem geð var árið 1996 kom í ljós að þunglyndiseinkenni hrjá 14% mæðra 2-3 mánuðum eftir fæðingu og fimmta hver móðir kennir mikillar streitu í foreldrahlutverkinu (Marga Thome, 1996). Þunglyndi mæðra hefur marktækt neikvæðari áhrif á þroska ungbarna hafi það verið til staðar fyrstu þrjá mánuði eftir fæðingu en á öðrum tíma (Murray, 1992). Áhrif á sveinbörn eru marktækt neikvæðari en á meybörn (Sharp, Hay, Pawlby, Schmucker, Allen & Kumar, 1995).“ (Stefnumótun í málefnum geðsjúkra. Skýrsla starfshóps sem Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, skipaði. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Reykjavík 10. október 1998.)

Morð kvenna hafa til langs tíma verið eins konar feimnismál. Silverman, R.A. og L.W. Kenndy (Women who kill their children. Violence and Victims 1988, 3, 2: 113-127) rannsökuðu mæður, sem myrtu börn sín. Sextíu og sjö af hundraði þessara mæðra eru taldar andlega bágstaddir, en fyrir því virðast veigalítil rök. Miklu fremur mætti leita skýringa í hefðbundnum skilningi á kynhlutverkum; þ.e. „konur, sem drepa börn sín hljóta að vera bilaðar.“ Það kann að vera áhugavert, að einungis 6% þeirra kvenna, sem drepa maka sinn, eru taldar búa við andlega vanheilsu, 9% drepi þær aðra úr fjölskyldu eða vinahópi, en 36% ef um morð á kornabarni er að ræða (infanticide). Tvær skýringartilgátur eru settar fram, þ.e. fyrir mæður, sem ekki drepa hvítvoðunga (non-infanticide mothers): Morðið er eins konar „slys,“ sem hlýst af barsmíðum í ofbeldisfullri fjölskyldu, 2. Barsmíðar, sem leiða til andláts barns, tjá ofsa mæðranna í garð einhvers annars.

Barnsmorð er morð, hvort heldur það er framið í þunglyndi eða ekki. Vissulega ber okkur að rétta hjálparhönd verðandi foreldrum, þegar þannig stendur á. Því er mikilvægt að beina kastljósinu í rétta átt, þ.e. til foreldra, til samskipta þeirra. Það er að mínum dómi affararsælast leiðin. Heilbrigðiskerfið er á villigötum í þessum efnum, hvort heldur er um að ræða þunglyndar mæður eða fíklamæður. Þær síðastnefndu þarf í dauðans ofboði að þurrka upp

(vilji/geti þær ekki sjálfar), þær fyrrnefndu meiða þó venjulega ekki fóstur sín í móðurkviði. En hjálpina á að veita á fjölskyldugrundvelli. Hvort heldur sem er þarf að leyfa feðrum eða láta feður taka sinn hluta ábyrgðarinnar. Þessi pistill er viðleitni til einmitt að opna umræðu og eyða fordómum. En meira má, ef duga skal.

"Móðurrétturinn er nú alltaf sterkur," sagði klerkurinn við mig, þegar við ræddum barnavernd máli fíki móður, sem óvart "sótti" sér sæði hjá einhverjum karlfugli "á djamminu." Hún hafði ekki hugmynd um, hver hann var eða hvernig hann leit út, þegar hún kom til sjálfar sín. María mey, Jesúsarmóðir, hefur verið kjörmynd mæðra á Vesturlöndum og í þeim skilningi hefur móðirin haft sömu stöðu, hvað umræðu og afskipti varðar, og hin heilaga kýr Indverja. En lyktir "sögunnar" urðu þær, að konan fæddi stórskaddað barn, sem bjó við ómælda óhamingju í ranni móður sinnar, sem beitti kjapti og klóm til að halda því, og kostaði skattgreiðendur miklar fúlgur. Veraldleg og andlegt yfirvöld stóðu ráðþrota. Svo mikið getur verið vald hins veika.

Sumt "má ekki" fjalla um á Íslandi - allavega ekki opinberlega. Það mátti t.d. ekki fjalla um fiskveiðikvóttagjöfina, fóstureyðingar og forsjármál. Fólki virðist stafa sérstök ógn af því að skoða þátt mæðra í óhamingju, veikindum eða dauða barna sinna, sem þó er marggrannsókuð um víða veröld. En hins vegar eru feður upplagður skotsþónn, þegar eitthvað fer úrskaiðis í lífi barna (og kvenna reyndar einnig). Ég hefði þurft að bjóða þér með mér á einhvern fundanna í skólakerfinu. Því sjón er sögu ríkari. Starfssystir þín ein komst svo að orði, að sumar mæður væru "greiningagalnar." Henni hefur trúlega rekist rétt orð á munn. Þær búa á næsta bæ við Münchhausen-by-proxy mæðurnar.

Þakka, fósturi, fyrir lestur og fræðslu. Það er, eftir því sem ég best veit, sama staða í fangelsum erlendis í okkar heimshluta. Fangelsi í BNA eru troðfull af karlpeningi með alls konar litarhaft, sem hafa það sameiginlegt að hafa dottið úr skóla og leiðst inn á brautir afbrotanna. Töluverður hluti þeirra er greindarskertur, aðrir (og stundum þeir sömu) búa við skertan manngerðarþroska. Margir þeirra hafa líklega aldrei átt sér viðreisnar von, fæddir í óvinsamlegan heim með skert miðtaugakerfi og bíða nú á aftökuganginum. Þar eru þeir í yfirgnæfandi meirihluta.

Svo sannarlega. En þær liggja í þagnargildi á Íslandi. Í þeim kvenfrelsunaralgleymingi, sem við höfum búið við í heila öld, gleymist að skoða þá hlið jafnvægis og jafnræðis. Fagleg ráðgjöf og meðferð er nær ævinlega móðurmiðuð, feður settir utangarðs (og láta það viðgangast). Barnavernd er máttlaus og þær mæður, sem lýst er, eru nánast friðhelgar. T.d. eru þær ekki sviptar sjálfræði (eftir því sem ég best veit) og þurrkaðar í þeirri viðleitni að bjarna fósturinu. Þeim er þannig "leyft" að skapa óendalega óhamingju afkvæmum sínum og skattgreiðendum óheyrilegan kostnað. En það eru miklu fleiri staðreyndum til að dreifa um málið og önnur náskyld.